



# ÚTTEKT Á STARFSEMI ALÞJÓÐASKÓLANS VIÐ SJÁLANDSSKÓLA

FYRIR MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

BSI Á ÍSLANDI EHF.

Reykjavík, maí 2010

BSI Á ÍSLANDI EHF  
Skúlagötu 19  
101 Reykjavík  
[www.bsiaislandi.is](http://www.bsiaislandi.is)

## Samantekt

Markmið þessarar úttektar var að leggja mat á eftirfarandi þætti:

- Hvort skólanámskrá Alþjóðaskólans við Sjálandsskóla sé í samræmi við US viðmið og IPC<sup>1</sup>
- Hvort nemendur Alþjóðaskólans fái kennslu í Sjálandsskóla í íþróttum, tónlist, listum, smíðum og textílmennnt
- Hvort samvinna skólanna veiti nemendum tækifæri á fjölbreyttari námskrá og námstækifærum sbr. 2. og 3. gr. samnings Garðabæjar og Alþjóðaskólans við Sjálandsskóla dagsettum 11. desember 2008
- Hvort Alþjóðaskólinn við Sjálandsskóla bjóði nemendum sem lokið hafa 7. bekk frekara nám

Niðurstöður matsins eru eftirfarandi:

- Að skólanámskrá Alþjóðaskólans við Sjálandsskóla sé í samræmi við US viðmið og IPC.
- Að nemendur fá kennslu í íþróttum, tónlist, listum, smíðum og textílmennnt.
- Að samvinna Alþjóðaskólans og Sjálandsskóla sé góð og veiti nemendum tækifæri á fjölbreyttari námskrá og námstækifærum sbr. 2. og 3. gr. samnings Garðabæjar og Alþjóðaskólans við Sjálandsskóla dagsettum 11. desember 2008.
- Að Alþjóðaskólinn við Sjálandsskóla bjóði nemendum sem lokið hafa 7. bekk við skólann tímundið upp á frekara nám vegna þess ástands sem skapast hefur við það að Alþjóðaskólinn við Garðaskóla fyrir 8. og 9. bekk var lagður niður síðastliðið haust.

Í skýrslunni koma fram helstu niðurstöður. Í úttektinni á starfsemi Alþjóðaskólans fundust engin stór frávik eða frávik frá markmiðum eða áherslum úttektar, ein athugasemd sem leitt gæti til frávíks og tvö tækifæri sem stuðlað geta að umbótum.

---

<sup>1</sup> International Primary Curriculum

## Summary

The objective of this audit was to evaluate these items:

- Is the curriculum of the IPC School Alþjóðaskólinn (The International School) at Sjólandsskóli, consistent with U.S. standards and is it in accordance with the IPC.
- Do students receive teaching in sports, music, art and crafts (woodwork and textiles).
- Is collaboration with Sjólandsskóli satisfactory and does it offer students the opportunity for a more diverse curriculum and learning opportunities, according to the 2<sup>nd</sup> and 3 article of the contract between Garðabær and the school, dated 11<sup>th</sup> of Desember 2008.
- Does the school offer any further study opportunities to students who have completed the 7th grade?

The result of the evaluation is the following:

- The curriculum of the IPC School Alþjóðaskólinn (The International School) at Sjólandsskóli is consistent with U.S. standards and is in accordance with the International Primary Curriculum.
- Students receive teaching in sports, music, art and crafts (woodwork and textiles).
- Collaboration with Sjólandsskóli is to a satisfactory standard and students have full access to a more diverse curriculum and learning opportunities.
- The school provisionally offers further studies to those who have completed the 7th grade at the school. However, the situation is under re- evaluation as a result of the discontinuation of grades 8 and 9.

These conclusions and any recommendations for improvement are outlined in the report. No major or minor deviations were found regarding the objectives of the audit. One observation, that could lead to a deviation and two opportunities for improvement were reported.

## Efnisyfirlit

|  |    |
|--|----|
| Umfang úttektar .....                              | 5  |
| 1.1 Alþjóðaskólinn .....                           | 5  |
| 1.2 Markmið og áherslur úttektar.....              | 5  |
| 1.3 Aðferð við úttekt .....                        | 6  |
| Niðurstöður .....                                  | 7  |
| 2.1 Skólanámskrá .....                             | 7  |
| 2.2 Kennsla .....                                  | 7  |
| 2.3 Samvinna Alþjóðaskólans og Sjálandsskóla ..... | 8  |
| 2.4 Frekara nám.....                               | 8  |
| Umbætur.....                                       | 9  |
| 1. Fylgiskjal 1 – Gagnalisti* .....                | 10 |

# Umfang úttektar

## 1.1 Alþjóðaskólinn

Alþjóðaskólinn hóf starfsemi sína í Víkurskóla árið 2004 en flutti í húsnæði Sjálandsskóla í Garðabæ haustið 2006. Skólinn er einkaskóli og býður upp á kennslu í 1. – 7. bekk. Við hann starfa níu kennarar, þar af sjö í fullu starfi en tveir í hlutastarfi. Fjörtíu og fimm nemendur eru við skólann vorið 2010. Flestir þeirra eru frá Íslandi eða öðrum Evrópulöndum en líka frá Bandaríkjunum, sendiráðsbörn eða börn foreldra sem starfa tímabundið á Íslandi.

Skólinn er starfræktur í miðrymi Sjálandsskóla á annari hæð. Skólabyggingin er byggð á hugmyndafræði um opinn skóla og því ekki um eiginlegar kennslustofur að ræða nema í verkgreinum. Aðbúnaður og aðstaða er mjög góð. Góð samvinna er við Sjálandsskóla. Nemendur Alþjóðaskólans nýta ýmsa aðstöðu Sjálandsskóla s.s. mótuneyti, sundlaug, lengda viðveru og list- og verkgreinastofur.

## 1.2 Markmið og áherslur úttektar

Markmið þessarar úttektar var að leggja mat á eftirfarandi þætti:

- Hvort skólanámskrá Alþjóðaskólans við Sjálandsskóla sé í samræmi við US viðmið og IPC.<sup>2</sup>
- Hvort nemendur Alþjóðaskólans fái kennslu í Sjálandsskóla í íþróttum, tónlist, listum, smíðum og textílmenn.
- Hvort samvinna skólanna veiti nemendum tækifæri á fjölbreyttri námskrá og námstækifærum sbr. 2. og 3. gr. samnings Garðabæjar og Alþjóðaskólans við Sjálandsskóla dagsettum 11. desember 2008.
- Hvort Alþjóðaskólinn við Sjálandsskóla bjóði nemendum sem lokið hafa 7. bekk frekara nám.

---

<sup>2</sup> International Primary Curriculum

## 1.3 Aðferð við úttekt

### Úttektarmenn og aðferð

Úttektarmenn BSI á Íslandi voru Einar Baldvinsson og Örn Alexandersson M.ed. Stuðst var við aðferðafræði úttekta á stjórnkerfum fyrirtækja og stofnana sem felur í sér staðreyndabundna nálgun þ.e.a.s. að sannreyna að gögn sem krafist er séu til staðar. Úttektin byggði á rýni fyrirbyggjandi gagna<sup>3</sup> tengdum starfsemi skólans, viðtölum og úttekt á vettvangi þann 21. apríl 2010.

### Hugtök vegna flokkunar umbóta

Stórt frávik: Engin gögn sem sýna fram á að markmiðum og áherslum úttektar sé framfylgt.

Frávik: Gögn eru að stærstum hluta til staðar og markmiðum og áherslum úttektar er framfylgt. Gögn vantar þó að hluta eða hafa ekki verið uppfærð fyrir viðkomandi þætti.

Athugasemd: Atriði sem leitt geta til frávíka og þarfnast lagfæringar.

Tækifæri: Atriði sem geta stuðlað að umbótum.

### Rýni gagna

Gögn voru rýnd með hliðsjón af markmiðum og áherslum úttektar.

### Þátttakendur

Tekin voru viðtöl á vettvangi við skólastjóra, fulltrúa kennara og fulltrúa nemenda.

---

<sup>3</sup> Fylgiskjal 1 - Gagnalisti

# Niðurstöður

## 2.1 Skólanámskrá

Skólanámskrá Alþjóðaskólans er í stöðugri mótun. Í byrjun hvers skólaárs er kennsluáætlun IPC fyrir skólaárið send til höfðustöðva IPC í London til yfirferðar. Þá hefur skólinn óskað eftir því að verða meðlimur af European Council of International Schools (sjá nánar á <http://www.ecis.org/>) sem eru regnhlífásamtök alþjóðlegra skóla og er úttekt á skólanum af hálfu þeirra samtaka skiplögð nú á vordögum 2010. Þá er skólanámskrá og starfsáætlun lögð fyrir skólanefnd Garðabæjar.

Þar sem ekki er samræmd aðalnámskrá fyrir Bandaríkin er stuðst við US viðmið frá Wisconsin í Bandaríkjunum nánar tiltekið Waunakee Community School District (sjá nánar á <http://www.waunakee.k12.wi.us/currlinks.cfm>). Alþjóðaskólinn er í samstarfi við Bandaríska sendiráðið á Íslandi í þeim efnum.

Skólanámskrá Alþjóðaskólans við Sjálandsskóla er í samræmi við ofangreind US viðmið og IPC. Skólinn er einnig skráður sem meðlimur á heimsíðu IPC skóla (sjá nánar á <http://www.internationalprimarycurriculum.com/>).

## 2.2 Kennsla

Kennsla í íþróttum, listum og textílmennt er í höndum kennara Alþjóðaskólans en kennarar Sjálandsskóla sjá um kennslu í smíðum og tónmennt fyrir Alþjóðaskólann.

Nemendur Alþjóðaskólans fá því kennslu í íþróttum, tónlist, listum, smíðum og textílmennt.

## 2.3 Samvinna Alþjóðaskólans og Sjálandsskóla

Alþjóðaskólinn tekur þátt í flestum föstum liðum í starfsemi Sjálandsskóla, s.s. morgunsöng, jólaskemmtunum og Unicef hlaupi einnig er samvera nemenda í frímínútum og á matartíma. Alþjóðaskólinn hefur einnig aðgengi að sérgreinastofum Sjálandsskóla og fær aðgengi að lesskimunar og lestrarprófum Sjálandsskóla fyrir íslenska nemendur. Þá hafa kennarar við Alþjóðaskólann kennt tungumál við Sjálandsskóla. Einnig hefur Alþjóðaskólinn boðið nemendum Sjálandsskóla upp á fjölbreytt námskeið eftir kennslu og Sjálandsskóli hefur boðið nemendum Alþjóðaskólans að koma með í ýmsar vettvangsferðir.

Samvinna skólanna er því góð og veitir nemendum Alþjóðaskólans tækifæri á fjölbreyttari námskrá og námstækifærum.

## 2.4 Frekara nám

Nemendum sem hafa lokið 7. bekk við Alþjóðaskólann er boðið upp á frekara nám í 8 bekk við skólann. Um tímabundið úrræði er að ræða í vetur þar sem Alþjóðaskólinn við Garðaskóla sem var fyrirhugaður fyrir 8.-9. bekk hætti störfum sl. haust. Við það hefur skapast gat í þjónustu við erlenda nemendur sem dvelja á Íslandi tímabundið. Boðið er þó upp framhaldsnám fyrir erlenda nemendur við Menntaskólann við Hamrahlíð.

Það er ekki á stefnuskrá Alþjóðaskólans að bjóða nemendum sem hafa lokið 7. bekk við skólann frekara nám en nemendum sem hafa lokið 7. bekk við skólann er boðið tímabundið upp á frekara nám í 8. bekk vegna aðstæðna sem sköpuðust haustið 2009.



## Umbætur

**Stór frávik:** Engin stór frávik fundust í úttekt á Alþjóðaskólanum.

**Frávik:** Engin frávik fundust í úttekt á Alþjóðaskólanum.

**Athugasemd:** Ein athugasemd er gerð í úttektinni á Alþjóðaskólanum við Sjálandsskóla. Athugasemdin snýr ekki að skólanum sjálfum heldur þeim aðstæðum sem upp eru vegna þess að Alþjóðaskólinn við Garðaskóla var lagður niður.

| Nr. | Lýsing   | Umbætur  |
|-----|--|--|
| 1   | Alþjóðaskólinn við Garðaskóla sem var fyrirhugaður fyrir 8-9. bekk hætti störfum sl. haust. Því er ekkert nám í boði fyrir börn foreldra á þessum aldri sem starfa tímabundið á Íslandi. | Stofna Alþjóðaskóla fyrir nemendur í 8.-9. bekk fyrir börn á þessum aldri sem dvelja tímabundið á Íslandi. |

**Tækifæri:** Tvö tækifæri fundust í úttekt á Alþjóðaskólanum.

| Nr. | Lýsing   |
|-----|--|
| 1   | Tækifæri er fyrir skólann að huga betur að félagslífi elstu nemenda við skólann þar sem þeir umgangast minna jafnaldra en yngri börnin. Þetta mætti hugsanlega gera í samvinnu við Sjálandsskóla.  |
| 2   | Markmið og áherslur úttektar á starfsemi Sjálandsskóla eru aðrar en í þessari úttekt á Alþjóðaskólanum. Því eru tækifæri fyrir Alþjóðaskólann að horfa til þeirra frávika, athugasemda og tækifæra sem fram koma í úttekt á starfsemi Sjálandsskóla. Margt af því sem þar kemur fram gæti einnig átt við um Alþjóðaskólann þar sem samvinna skólanna er nán. |

## 1. Fylgiskjal 1 – Gagnalisti\*

| Heiti skjals:   | Útgáfudagur      |
|---|------------------|
| Parent Handbook 2009-2010   | Engin dagsetning |
| Tvítýngd menntun í Garðabæ 1.-2. bekkur                                   | 9. mars 2009     |
| Cooperation between the International School of Iceland and Sjálandsskóli | Engin dagsetning |
| Starfsáætlun 2009-2010  | Engin dagsetning |
| ISI Skólanámskrá 2009-2010  | Engin dagsetning |
| ISI_School_Handbook,_09-10  | Engin dagsetning |

\*Þessi listi er yfir innsend gögn frá skólanum og er því ekki tæmandi þar sem sum gögn voru skoðuð á vettvangi.